

**Ed.**

**247. Breytingartillaga**

**[155. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds, Stefáni Benediktssyni, Davíð Aðalsteinssyni,  
Haraldi Ólafssyni, Eiði Guðnasyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 1. gr. 2. efnismálgrein orðist svo:

Menn, sem náð hafa 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa töluliðar við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.